

EIÐFAXI

2019 | 7. tölublað

Knapar ársins

Viðtöl • Greinar • Myndir • Umfjallanir



9 771021 718014

Verð: 1.390 kr.

Í þessu blaði:



Mikilvægt skref fyrir
framþróun íslenska
hestsins í Frakklandi



20-23

Glæsilegir sendiherrar
íslenska hestsins á Írlandi



Línulegt mat á
hæfileikum íslenskra
kynbótahrossa

28-31



UppsalaSteinninn Uppsáir
afhjúpaður við
hátiðlega athöfn

2-3

2 Ritstjórapistill

6-7 Íþróttaknapar ársins

8-9 Skeiðknapar ársins

10-11 Efnilegustu knapar ársins

12-13 Gæðingaknapar ársins

14-15 Kynbótaknapar ársins

16-17 Keppnishestabú ársins

18-19 Hrossaræktarbú ársins

23 Hestamennirnir í landinu: Albert

24-27 Hestur séður með mínum augum

27 Hestamennirnir í landinu: Hannes

35 Hestamennirnir í landinu: Gunnar

36-37 Kostir og gallar vægisbreytinga í kynbótadómi

38-39 Þín er ábyrgðin

EIÐFAXI

2019 | 7. tölublað

RITSTJÓRI

HÖNNUN/UMBROT

FRAMKVÆMDASTJÓRI

AUGLÝSINGAR

ÚTGEFANDI

PRENTUN

Gísli Guðjónsson


Elín Esther Magnúsdóttir

Gylfi Þór Þorsteinsson

Eiðfaxi

Eiðfaxi ehf.

Oddi



Forsíðumyndina tók
Bjarney Anna Þórsdóttir.
Hesturinn á myndinni er
Taktur frá Vakurstöðum.

Eiðfaxi

Suðurlandsbraut 22, 105 Reykjavík, sími 537-9200
Panta áskrift: eidfaxi@eidfaxi.is

Mikilvægt skref fyrir framþróun

Gísli Guðjónsson
gisli@eidfaxi.is

Helgina 27.-29. september var nýr keppnisvöllur fyrir íslenska hestinn tekinn formlega í notkun við hátíðlega athöfn hjá Pur Cheval í Frakklandi. Völlurinn hlaut nafnið Øder Arena til minningar um Einar Øder Magnússon, sem helgaði hestamennskunni líf sitt og var einn af okkar fremstu í greininni, sem ræktandi, keppandi, kennari og þjálfari. Øder Arena er löglegur keppnisvöllur fyrir bæði gæðinga- og íþróttakeppni því hann samanstendur af 250 metra hringvelli og 250 metra langri skeiðbraut með upphafs- og endakafla sem gefur samtals 310 metra langa braut. Því mætti einnig nýta breinu brautina til kynbótasýninga.

Algjör bylting

Pur Cheval var stofnað árið 2010 af Ingibjörgu Kristjánsdóttur og Ólafi Ólafssyni í kjölfar umfangsmikillar endurgerðar á klassískum frönskum sveitabæ, frá seinni hluta 19. aldarinnar. Komid var upp nútíma aðstöðu með reiðgerði og hringgerði ásamt



Koki Olason og Frami vom Hrafnsholt voru boðsgestir á opnunardegri Øder Arena.

endurhæfingarstöð með vatnsbretti og víbragólfi. Nú þegar keppnisvöllurinn hefur verið tekinn í notkun, hefur aðstaðan verið gjörbætt. Þannig hefur Pur Cheval náð að skapa heildrænt umhverfi sem auðveldar þeim að huga að öllum þáttum hestamennskunnar sem ræktendur, þjálfarar og keppendur. Í tilefni af opnun hringvallarins var

haldin íþróttakeppni þar sem knöpum var boðið til þátttöku og keppt var í fimmgangi, fjörgangi, tölti og 100 metra skeiði. Á sunnudeginum var svo haldið opið íþróttamót þar sem ungir og efnilegir knapar tóku þátt í fjörgangi og tölti. Eidfaxi hafði samband við Ingibjörgu, annan eiganda Pur Cheval, og spurði hana út í Íslandshestaheim-

Íslenska hestsins í Frakklandi



Svanhvít Kristjánsdóttir sýndi Glóðafeyki frá Halakoti með glæsibrag.

inn í Frakklandi ásamt ýmsu öðru. „Øder Arena er fyrsti löglegi keppnisvöllurinn í Frakklandi og sem slíkur er hann gríðarlega mikilvægur. Það hefur verið erfitt að halda hér hestamannamót vegna aðstöðuleysis, en keppnisvöllur þarf að vera af réttri stærð, vel byggður og með réttu undirlagi þannig að hægt sé að halda world ranking mót.

Þetta breytir því miklu, nú er mögulegt að halda íþrótt- og gæðingamót í Frakklandi með nokkrum sóma. Við höfum einnig lagt okkur fram um að fegra umhverfið þannig að gestir okkar sjái sér aukabónus í því að koma hingað og eyða helginni á fallegum stað. Það má bæta við að Øder Arena er mjög vel staðsettur, nokkurn veginn í

» Øder Arena er fyrsti löglegi keppnisvöllurinn í Frakklandi og sem slíkur er hann gríðarlega mikilvægur. Það hefur verið erfitt að halda hér hestamannamót vegna aðstöðuleysis.

miðju íslenskrar hestamennsku í Frakklandi og ekki langt frá París. Frakkland er gríðarlega fallett og fjölbreytt land en á sama tíma geysistört og geta löng ferðalög á mótssstað dregið úr þátttöku. Með tilkomu Øder Arena vonumst við að þar verði breyting á.“

Pur Cheval

Eins og áður hefur komið fram er öll aðstaða glæsileg hjá Pur Cheval. Auk þess að vera með umfangsmikla ræktun, þá hafa aðstandendur búgarðsins

haldið úti markaðsverkefni sem snýst um að ýta undir kynningu á íslenska hestinum í Frakklandi. Félagsmenn í FFCL, sem eru íslensku hestasamtökin þar í landi, eru 173. Þar af er 31 skráður sem *professionals* þ.e.a.s. ræktendur eða þjálfarar. En hvernig hafa Ingibjörg og hennar fólk staðið að því að breiða út boðskapinn? „Þegar við hófum starfsemi hér út í Frakklandi ákváðum við að leggja af stað í 2ja-3ja ára markaðsverkefni sem snerist um að ýta undir kynningu á íslenska hestinum. Við einbeittum okkur annars vegar að hestaklúbbunum sem eru dreifðir um allt landið og hins vegar að öllum þeim miðlum sem snúast um hesta hér í Frakklandi. Við lánuðum að mig minnir 10 geðgóða reiðhesta, reiðtygi og hnakka í 1-3 mánuði til vel valdra hestamiðstöðva og aðstoðuðum þá við kennslu og annað sem þurfti. Það var sammerkt með öllum þessum miðstöðvum að íslenski hesturinn varð fljótt vinsælasti hesturinn á staðnum. Það má geta þess að upp úr þessu verkefni varð m.a. til nýr reiðskóli sem sérhæfði sig í íslenskum hestum og er sá aðili í dag með 20 íslenska hesta. Við settum okkur í samband við eitt stærsta hestablaðið í Frakklandi, Cheval

Pratique, og buðum blaðamönnum þess í heimsókn og á bak að sjálfsögðu. Við skipulögðum m.a. ferð með þeim til Íslands og buðum þeim í Laufskálarétt o.fl. Í kjölfarið helguðu þeir einu tölublaði íslenska hestinum og skrifuðu síðan fleiri greinar sem þeir dreifðu á nokkur tölublöð. Við áttum einnig gott samstarf við sjónvarpsstöðina

„Það var sammerkt með öllum þessum miðstöðvum að íslenski hesturinn varð fljótt vinsælasti hesturinn á staðnum.“

Equidia sem sýnir eingöngu efni um hesta, hvaða kyni sem þeir tilheyra. Þeir komu til Íslands í okkar boði og gerðu nokkurskonar heimildarþátt um íslenska hestinn; tóku með sér þáverandi heimsmeistara (2014) í fimleikum á hestum; Nicolas Andréani ásamt

vini hans og bronz medalista Rémy Remx. Þeir léku síðan listir sínar á baki íslenska hestsins upp um fjöll, firnindi og fjörur Íslands og ræddu jafnóðum um upplifun sína. Þessi þáttur var svo sýndur á sjónvarpsstöðinni og fylgt á eftir með viðræðubætti um íslenska hestinn, land og þjóð. Þátturinn var endursýndur töluvert út allt árið og fékk ágætis áhorf.“

Betur má ef duga skal

Samkvæmt Worldfeng þá eru íslenskir hestar á lífi í Frakklandi alls 3.471 sem stendur. Reikna má þó með því að þeir séu færri, því ef þessi listi fer skoðaður sést að margir þessarar hesta eru fæddir á árunum milli 1970 og 1980 og því líklega fallnir. En hvernig finnst Ingibjörgu að til hafi tekist við markaðssetningu íslenska hestsins í Frakklandi. „Það er að sjálfsögðu erfitt að dæma um eigin árangur. Þetta er langtíma verkefni og breytingarnar skila sér á löngum tíma. Frakkland er rótgróin hestabjóð með ríka hefð fyrir kappreiðum, hindrunarstökki og “dressage”. Þeir eru eðlilega stoltir af sögu sinni og venjum og sveigja ekki auðveldlega frá einu hestakyni yfir á annað. Frakkarnir þekkja íslenska hestinn fyrst og fremst

Ólafur Ólafsson og Ingibjörg Kristjánsdóttir, eigendur Pur Cheval.



sem fjölskyldu- og frístundahest, en átta sig kannski síður á möguleikum hans í keppni. Við ákváðum að einbeita okkur að þeirri hugmyndafræði til að byrja með en taka svo alla þá frábæru möguleika sem hesturinn býður upp á tengda gæðinga- og íþróttakeppni í framhaldinu. M.a. snýst þetta um að fá ungt fólk inn í íþróttina sem verður grunnurinn að öflugu starfi þegar fram í sækir. Við tókum eftir því að það er ákveðin breyting í gangi hérna hjá ungu kynslóðinni, þau eru yfir sig spennt að komast á góðan keppnisvöll og fá að prófa flotta hesta. Það kom t.d. vel í ljós við opnum Øder Arena að við erum komin með ágætis knapa sem stóðu sig með sóma. Svo vel að alþjóðlegu dómararnir höfðu orð á því við okkur eftir á. Við höfum því ákveðið að leggja megináherslu á að vinna með yngri kynslóð reidmanna í samstarfi við hestamannasamtökin, bjóða þeim



Elías Þórhallsson og Hildingur frá Bergi stóðu efstir í keppni í fimmgangi á opnunarmóti Øder Arena.

hingað til kennslu, þjappa þeim saman og gera þeim kleift að spretta úr spori á góðum hestum á fullgildum keppnisvelli. Øder Arena gerir okkur einmitt kleift að fylgja þessu eftir.“ Eiðfaxi

óskar Ingibjörgu og hennar fólki til hamingju með nýjan og glæsilegan keppnisvöll. Vonandi verður þetta framtak upphafið að stórsókn íslenska hestsins í Frakklandi.